

2. Framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Bolaöldum, Ölfusi.

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss hefur samþykkt umsókn Bolaöldur ehf um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku að heildarmagni 6 milljónir rúmmetra í Vífilselli/Bolaöldum. Bæjarsjórn Ölfuss staðfesti niðurstöðuna á fundi sínum. Samþykktir eru framlagðir yfirlitsupprættir og gögn unnin af Verfræðistofunni Eflu. Efnistakan hefur fengið meðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Efnistakan er í samræmi við staðfest aðalskipulag Ölfuss 2010-2022.

Framkvæmdaleyfið með fylgigögnum er á heiðasíðu Ölfuss, www.olfus.is.

1. Yfirlitsmynd, er sýnir námasvæðið. Í matsskýrslu er yfirlitsmynd og einnig liggar fyrir deiliskipulag.
 2. Afstöðuupprættur er á deiliskipulagsupprætti.
 3. Greinargerð með lýsingu á framkvæmd og hvernig framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlun og mati á umhverfisáhrifum.
- a. Lýsing á framkvæmdinni er að finna í kafla 2 í matsskýrslu og á deiliskipulagsupprætti.
- b. Aðalskipulag Ölfuss var staðfest 21. september 2012. Afmörkun fyrirhugaðrar efnistöku er í samræmi við gildandi aðalskipulag (náma E1), þar er gert ráð fyrir að vinnanlegt efni í námunni sé 6-7 milljónir rúmmetra.
- c. Afmörkun, vinnsluáætlun og annað í deiliskipulagi Bolaöldunámu er í samræmi við efnistökuna eins og hún hlaut umfjöllun í mati á umhverfisáhrifum og ósk um framkvæmdaleyfi. Áætlað rúmmál vinnanlegs efnis er leiðrétt í auglýstu deiliskipulagi, og er óveruleg breyting.
- d. Á bls. 10 í álti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar má sjá hvernig framkvæmdin fellur að mati á umhverfisáhrifum.
4. Matsskýrsla efnistöku í Bolaöldum í Ölfusi, dagsett 6. janúar 2011.
 5. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum námunnar, dagsett 1. mars 2011.
 6. Deiliskipulag Bolaöldunámu dagsett 23.03.2006. Deiliskipulag yfirfarið og lagfært með umhverfisskýrslu.
 7. Deiliskipulagið auglýst að nýju frá 14. janúar 2013 til 25. febrúar 2013.

Fylgigögn:

Matsskýrsla efnistöku í Bolaöldum í Ölfusi

Deiliskipulag Bolaöldunámu

Deiliskipulag skýringar 2013_0123

Deiliskipulag uppdráttur 2013_0123

Umsókn um framkvæmdaleyfi Hringvegar um Hellisheiði

Umsókn um framkvæmdaleyfi

Kærufrestur á framkvæmdaleyfunum er einn mánuður, 30 dagar, talið frá 29. apríl 2013.

f.h. Sveitarfélagsins Ölfuss

Sigurður Jónsson

skipulags- og byggingarfulltrúi Ölfuss